

## Nýir eigendur taka við Set á Selfossi

Iðnfyrirtækið Set ehf. á Selfossi hefur skipt um hendur. Félagið, sem framleiðir meðal annars einangruð rör og plaströr fyrir hita-, vatns- og fráveitukerfi, á rætur að rekja til ársins 1968 þegar Einar Elíasson stofnaði Steypuiðjuna á Selfossi. Set var síðan stofnað árið 1978 og hefur verið í eigu fjölskyldunnar frá upphafi.

Félagið rekur höfuðstöðvar á Selfossi en er einnig með starfsemi í Danmörku og Þýskalandi auk lageraðstöðu í Reykjavík. Velta fyrirtækisins er ríflega fimm milljarðar króna á ári og hjá því starfa um hundrað manns, flestir á Suðurlandi.

Nýir eigendur félagsins eru Orri Hauksson, verkfræðingur

og MBA, og Gunnar Fjalar Helgason, hagfræðingur, sem störfuðu saman í stjórnendateymi Símans um árabil.

„Við fögnum því að taka við þessu trausta iðnfyrirtæki á Suðurlandi. Fjölskyldufyrirtæki eru algengasta og árangursríkasta rekstrarform fyrirtækja í heiminum. Eftir því sem tíminn líður þróast eignarhald slíkra fyrirtækja iðulega og að okkar mati er fyrirtaks tími núna að næstu eigendur taki við Seti,“ segir Orri Hauksson, nýr stjórnarformaður Sets, í tilkynningu frá félaginu.

Hann bendir jafnframt á að fram undan sé mikil uppbygging innviða á Íslandi, meðal annars í veitukerfum, orkuöflun og

vegagerð, auk þess sem aukin matvælaframleiðsla og fiskeldi hafi skapað aukna eftirspurn eftir hágæðainnviðum.

Örn Einarsson, fráfarandi stjórnarformaður félagsins, segir fjölskylduna stolta af þeirri uppbyggingu sem átt hafi sér stað í gegnum árin og telur eigendaskiptin jákvætt skref fyrir framtíð félagsins.

„Það eru stór og spennandi tímamót hjá okkur og það gleður mig að við höfum lokið sölu á Set ehf. Nýir eigendur koma inn með nýja sýn og viðtæka reynslu sem mun styrkja áframhaldandi vöxt á þeim trausta grunni sem Set býr yfir,“ segir Guðbjörg Sæunn Friðriksdóttir, forstjóri Set ehf.



## Uppselt á allar sýningar Mamma Mia í Hveragerði



Myndir: Hafsteinn Þór Auðunsson.

Undanfarnar vikur hefur Uskólastarfið hjá 10. bekk Grunnskólans í Hveragerði litast af sköpunargleði, æfingum, sýningum og sviðsljósi. Nemendur ákváðu í samráði við umsjónarkennara að setja upp söngleikinn Mamma Mía og hefur hann svo sannarlega slegið í gegn og uppselt á allar sýningar. Umsjónarkennararnir Sigrún Árnadóttir og Jónas Gunnþór Jónsson sáu um leikstjórn og sviðsmynd með aðstoð nemenda, ásamt því að fá aðstoð frá foreldrum.

„Þótt afraksturinn sé glæsileg leiksýning, þá eru stærstu sigr-

arnir oft þeir sem áhorfendur sjá ekki – þeir sem eiga sér stað í hjörtum og huga nemendanna sjálfra. Að sigrast á sjálfum sér. Fyrir mörg ungmenni er það ein stærsta áskorun lífsins að standa fyrir framan hóp af fólki. Feimnin getur verið eins og þungur hjúpur, en í leiklistinni fær hún að víkja. Með því að klæðast búningi og breytast í aðra persónu finna margir nemendur nýja hlið á sjálfum sér,“ segir Sigrún, umsjónarkennari nemendanna. „Þegar nemandi tekst á við óttann við að gleyma línu eða gera mistök, og stígur



svo fram og klárar verkið, á sér stað valdefling sem nýtist þeim út í lífið. Þetta er lærdómur í seiglu og sjálfstrausti sem engin bók getur kennt.“

## NIÐURSTÖÐUR SVEITARSTJÓRNARKOSNINGA 2026



BLAÐSÍÐA  
11

### Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi  
fyrirtæki 2020-2025

**PÍPULAGNIR**  
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656

### NÝR TOYOTA URBAN CRUISER

FORSALA  
ER HAFIN



Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
480 8000

**Toyota**  
Selfossi

**ADALSKOÐUN**

Eyravegur 51, 800 Selfoss  
Sími 590-6996

**40% afsláttur af skoðun fyrir húsbíla og móturhjól dagana 15 maí til 16 júní!**

# Samstarfssamningur um Brúarhlaupið endurnýjaður

Landsbankinn á Selfossi og Frjálsíþróttadeild Ungmennafélagsins Selfoss hafa endurnýjað samstarf sitt og verður bankinn áfram einn af helstu samstarfsaðilum bæði Brúarhlaupsins á Selfossi og frjálsíþróttadeildarinnar. Skrifað var undir endurnýjaðan samstarfssamning til tveggja ára í Landsbankanum á Selfossi.

Landsbankinn og Frjálsíþróttadeildin hafa átt farsælt samstarf um langt árabil. Með áframhaldandi samstarfi vill Landsbankinn sýna í verki stuðning sinn við forvarnarstarf, æskulýðsmál og íþróttastarf í samfélaginu.

Margir Selfyssingar muna eflaust eftir Landsbankahlaupinu sem Landsbankinn stóð áður fyrir á Selfossi með aðstoð frjálsíþróttadeildarinnar við framkvæmd þess. Hlaupið var fyrst haldið árið 1986 í tilefni af 100 ára afmæli bankans og varð síðan árlegur viðburður þar til Brúarhlaupið tók við árið 1991, þegar Ölfusárbrú fagnaði 100 ára afmæli sínu.

Frá þeim tíma hefur samstarfið tekið nýja stefnu þar sem Landsbankinn hefur stutt við Brúarhlaupið með fjárframlögum, aðstöðu og aðkomu starfsfólks bankans við framkvæmd hlaupsins

UMFS



Súperlagnir er alhliða þjónustufyrirtæki á sviði pípulagna á Selfossi

**SÚPERLAGNIR**

VIÐ TÖKUM AÐ OKKUR STÓR SEM SMÁ VERKEFNI

Síman Pípari sími:664-8892 eða senda verkbeiðni á [superlagnir@superlagnir.is](mailto:superlagnir@superlagnir.is)

# Fríbúðin á Flúðum slær í gegn

Aðsókn að VISS Fríbúðinni hefur farið fram úr væntingum og verkefnið hefur orðið tákni um endurnýtingu og samfélagslega þátttöku

Í tæpt hálf ár hefur VISS Fríbúð verið opin í Félagsheimilinu á Flúðum og hefur frá fyrsta degi notið mikilla vinsælda hjá bæði heimamönnum og gestum sem hafa komið langar leiðir til að heimsækja hana.

VISS Fríbúð er markaður þar sem allt er ókeypis. Fólk getur komið með hluti sem það vill gefa áfram eða fundið eitt-hvað sem nýttist og gleður. Þar fá hlutir nýtt líf og nýjan eiganda í stað þess að enda sem úrgangur. Úrvalið breytist stöðugt eftir árstíðum og þörfum samfélagsins — allt frá barnafatnaði og heimilsvörum yfir í jólaskraut, bækur og ýmsa smámuni.



öll hafa hlutverk og skipta máli.

Verið velkomin í Félagsheimilið á Flúðum.

Fríbúðin Viss hefur sömu opnun og Félagsheimilið-bókasafn, Flúðum. Opnið er mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 10–16, miðvikudaga 10–18 og föstudaga 12–15.

Móttaka hluta er í Viss á Flúðum sem staðsett er í kjallar-

anum á Heimalandi, Vesturbrún 16-20. Þar er opið á mánudögum og miðvikudögum kl. 8–15 og á föstudögum kl. 8–12.

Else Nielsen

Deildarstjóri VISS vinnu og hæfingastöð á Flúðum

# Ásdís Hoffritz er Listamaður maímánaðar

Listamaður maímánaðar í Gallery Listaseli er Ásdís Hoffritz. Hún er fædd og uppalin á Selfossi og hefur unnið sleitulaust að list sinni síðan um síðustu aldamót og haldið nokkrar einkasýningar og tekið þátt í ýmsum samsýningum og er meðlimur í Myndlistafélagi Árnesinga. Verk hennar eru unnin með olíu á striga og auk þess sýnir hún útskorna fugla.




## Verkefni sem skapar störf og styrkir samfélagið

Á bak við verkefnið stendur VISS vinnu- og hæfingarstöð sem hefur starfað á Flúðum frá árinu 2020 fyrir fólk með skerta starfsgetu. Þar er lögð áhersla á virðingu, stuðning og raunveruleg tækifæri til þátttöku í samfélaginu. Verkefnið sýnir hvernig hægt er að skapa fjölbreytt og mikilvæg störf með réttum stuðningi og um leið byggja upp betra og sjálfbærara samfélag.

Fríbúðin hefur því orðið meira en staður fyrir hluti — hún er orðin tákni um samvinnu, sjálfbærni og samfélag þar sem





# Engjaland 4 Selfoss

ÞAKÍBÚÐ  
169,2 m<sup>2</sup>

 OPIÐ HÚS

**Miðvikudaginn 27. maí**  
Frá 17:30–18:00

STÓRGLÆSILEG ÞAKÍBÚÐ  
**3JA HERBERGJA**  
**132.800.000 kr.**



**VANDAÐAR ÍBÚÐIR**  
**FYRIR 55 ÁRA OG ELDRI**  
**71,8–132,8 m.kr.**

Fjölbýli | 90–170 m<sup>2</sup>

Vel skipulagðar 3ja herbergja íbúðir ásamt bílastæðahúsi

Nánari upplýsingar á [www.engjaland.is](http://www.engjaland.is)



**Guðný Þorsteins**  
Löggiltur fasteignasali  
gudnyth@remax.is | 771-5211

**RE/MAX**



# Sunnlenski matgæðingurinn



## Léttur og skemmtilegur götubiti

Matgæðingur vikunnar er Baldur Kristinsson.

„Sælir, kærur sunnlendingar — takk fyrir fín orð, Sævar. Það er dásamlegt að vera aftur heima og finna hversu sterkur bærinn og andinn okkar er. Ég ákvað að smella í grænmetis-kebab, léttan og skemmtilegan götubita frá Írak og nágrenni sem ég lærði hjá vinkonu minni. Smá föndur og gott matarboð — gerið ykkur gott og njótið!“

Kebab — falafel í liba-brauði með tabbouleh salati, hummus og limedressingu

### Falafel (fyrir 4)

500 g þurrar kjúklingabaunir, lagðar í bleyti  
1/2 laukur, gróft saxaður  
3 hvítlaugsgeirar  
1–2 cm ferskur engifer eða 1 tsk rifinn engifer  
1 chilli eða 1/2 tsk chili flögur, eftir smekk  
1 tsk cumin  
1 tsk salt  
1/2 tsk malaður svartur pipar  
1 tsk natron (í bleytuvatnið, valfrjálst)  
1 tsk lyftiduft í lokin  
2–3 msk fersk steinselja eða kóríander (valfrjálst)  
2–3 msk hveiti eða maís-/baunamjöl til að þykkja ef þarf  
Olía til djúpsteikingar

Leggið kjúklingabaunirnar í bleyti í nægu vatni í að minnsta kosti 8–12 klukkustundir og bætið natroni út í vatnið ef vill. Hellið vatninu frá og skolið baunirnar vel. Maukið síðan baunir, lauk, hvítlauk, engifer, chilli, krydd og steinselju í matvinnsluvél þar til blandan verður að grófu og röku mauki. Ef blandan er of blaut má bæta hveiti saman við eftir þörfum. Hrerið lyftiduftinu út í rétt áður en falafel-

kúlurnar eru mótaðar. Mótið litlar egglega kúlur, um 3–4 cm að stærð, og djúpsteikið þær í 170°C heitri olíu í 4–5 mínútur eða þar til þær eru orðnar gullinbrúnar. Látið renna af þeim á eldhúspappír og berið fram heitar.

### Hummus (fyrir 4)

1 dós (ca. 400 g) kjúklingabaunir, sigtaðar — geymið vökvann  
3 msk tahini  
Safi úr 1 sítrónu  
1 hvítlaugsgeiri  
1–2 msk sesamolía eða ólífuolía  
1/2 tsk cumin  
Salt og pipar eftir smekk  
1–2 msk kalt vatn eða vökvinn úr dósinni til að ná réttu áferð

Maukið öll hráefnin saman í matvinnsluvél þar til hummusinn verður sléttur og kremkenndur. Bætið vatni eða baunavökva saman við í litlum skömmtum þar til æskileg áferð næst. Smakkið til með salti og pipar, setjið í skál og hellið smá ólífuolíu yfir áður en borið er fram.

### Tabbouleh (fyrir 4)

150 g rauður bulgur, soðinn og kældur  
250 g kirsuberjatómatar, skornir í teninga  
1 lítil gúrka, skorin í teninga  
1/2 rauðlaukur, fínt saxaður  
1 stór bunki steinselja, mjög fínt saxaður  
8–10 myntulauf, fínt söxuð  
3 msk ólífuolía  
Safi úr 1 lime  
Salt og svartur pipar

Blandið saman bulgur, tómötum, gúrku og rauðlauk í skál. Bætið steinselju og myntu út í. Hrerið saman ólífuolíu og limesafa, smakkið dressinguna til með salti og pipar og hellið



yfir salatið. Leyfið salatinu að standa í 10–20 mínútur áður en það er borið fram.

### Lime-jógúrt dressing með tahini (fyrir 4)

500 g grísk jógúrt  
3 msk tahini  
1 hvítlaugsgeiri, pressaður  
Safi og rifinn borkur af 1 lime  
2 msk ferskt kóríander, fínt saxað  
1/2 tsk salt  
1–2 msk kalt vatn eða olía til að þynna

Blandið saman jógúrt, tahini, hvítlauk, limesafa og rifnum limeberki. Bætið kóríander og salti sa-man við og smakkið dressinguna til. Þynnið hana með smá vatni eða olíu ef þarf og kælið í 15–30 mínútur áður en hún er borin fram.

### Endurhitun á liba-/pítubrauði

Liba flatbrauð fæst í Krónunni.

Hitið pönnu á miðlungs-háum hita og hellið um einni teskeið af vatni á pönnuna. Leggið brauðið á pönnuna, setjið lok yfir og hitið í 15–20 sekúndur. Takið brauðið af pönnunni og haldið því heitu undir viskustykki.

Berið síðan fram heitt brauð með hummus, falafel, tabbouleh salati og dressingu.

Góða skemmtun — njótið matarins og deilið gleðinni með vinum og fjölskyldu!

Svo langar mig að benda á Stórvíkinginn hann Úlfar Þór Gunnarsson, Matargat íslensk kjötsúpa er það besta sem hann fær, hann hlýtur að luma á einhverju sous-vide brasi handa okkur.

Matgæðingar eru bednir að senda á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

## Minning

# Eyvindur Erlendsson

Eyvindur Erlendsson bar Esvipmót sitt af Biskupstungnafjöllum, glæsimeinni að vallarsýn og fríður sínum hávaxinn með blik í auga. Og oft stóð af honum gustur og gríðarþokki þegar skapanornirnar spunnu honum örlög og drykkur Urðar-brunnis tendraði sál hans hugarflugi sem stundum var varla mannlegt. Röddin var beint úr berginu seiðmögnuð og slegin ævintýraljóma manns sem elskaði ævin-týrin, villir hann stillir hann.

Eyvindur var sannur Biskupstungnamaður alinn upp við fjöllin og fegurðina í sveit menningarinnar sem átti Skálholt, Þingvöll, Haukadal og tungnamenn voru söng-elskir gleðimenn sem þessvegna hættu að mjólka kýrnar ef góðan gest bar að garði. Og í Tungnaréttum var söngurinn æðri sauðkindinni og á réttardaginn lífga guðaveigar sálaryl og blómin gróa í brjóstum sem að geta fundið til.

Þessi menning er heims-menning íslenska bóndans og við þessar aðstæður varð Eyvindur að manni sem þráði að takast á við listagyðjuna, í honum bjuggu margir menn og allir stórir í sniðum flestir helgaðir listum, leiklist og leikstjórn, teiknari og málarar. Hann lærði húsgagnasmíði og fór í Myndlistarskólann í Reykjavík og Leik-listarskóla Þjóðleikhússins. En útskrifaðist svo með BA gráðu í leikstjórn frá Ríkisleiklistarskólunum Gitis í Moskvu eftir sex ára nám í því margslungna landi.

Eitt mesta afrek tungnamanna var félagsheimilið Aratunga skýrð í höfuð Ara fróða sem ólst upp í Haukadal sá er skrifaði Íslendingabók og Landnámu. Eyvindur var kallaður heim til að leikstýra Lénharði fógeta sem var mikið verk og sýnt svo víða um sveitir. Leiklist er tungnamönnum í blóð borin og enn setja þeir á svið stór verk.

Moskva var fjarlæg borg og ekki á alfaraleið þegar Eyvindur skilur Sjöfn eftir með krakkanna og örlaganornin gynnir hann til Moskvu þar nemur hann fræðin setur á svið stór leikverk kemur heim með ólgandi blóð og ræðst ekki á garðinn þar sem hann var lægstur í Reykjavík. Hann vill menningarbyltingu og með rögtækum mönnum reisir hann leiklistargyðjunni leikhús sem fer víða og endar svo eins og Njálsmanna, en frægð þess lifir.

Nú kemur hann með slitnaskó eftir ævintýrið, með Sjöfn sína og gerist bóndi í Flóanum. Flóamenn verða uppnæmir og virkja Eyvindur til að setja upp leikverk í Þjórsárveru, Eyvindur velur Nýársnóttina sem var upphafsverk Þjóðleikhússins. Stór í sniðum eins og Biskupstungnafjöllin allt áhugaleikarar búandfólk og krakkar. Varla ætlandi nema þauvönnum leikurum. Hann gerir leiktýöldin og hnoðar leikar-ana svo til að hver og einn verður stjarna, Þjórsárver sýnir Nýársnóttina ellefu sinnum, já allt kann Eyvindur sögðu menn. Sjöfn hans leikur álfadrottninguna og í minn hlut kemur Svartur þræll kóngsins. Ég minnst þess hversu æfingarnar voru strangar og hvað hann var harður við mig og fleiri. En að frumsýningu lokinni tók hann utan um mig og sagði: „Mér tókst að gera leikara úr þér, en ég varð að beita rússneskum aga,“ eftir þetta urðum við vinir.

Eyvindur var í mínum huga eins og fornu hetjurnar og sist tengdur guðstrú en Passíusálmarnir heilluðu hann og mörg ár flutti hann þá í Hallgrímskirkju. Ég fór að hlusta og dáðist að kempunni og hugsaði til Skarphéðis sem, brenndi kross á bak sitt og brjóst í brennunni. Eyvindur var um margt líkur Skarphéðni harður í hverjum um leik og orðsins maður og oft stóð hann og glotti einn við gaflaðið.

Eyvindur gerði margt sér til gamans stofnaði Milljónafélagið fór í fræga ferð með tungnamönnum og fleirum til að kynna Kampholts-Móra embættismönnum í Brussel og er sá grunur að Skotta hafi verið með í för og leiki enn lausum hala þar.

Minn síðasti fundur með Eyvindi var með blaðamanni og ljósmyndara Moggans. Eyvindur var orðinn hrímgrár á hár og hörund en möggnuð var sögustundin og söngurinn. Hann var hlaðinn af vísdomi og eftir átta og hálfan dropa af rússneskum vodka varð vistheimilið að Ási að leikhúsi. Og enn heyrir ég hina seiðmöggnuðu rödd Eyvindar syngja lag tungnamanna Kristján í Stekkholti. Tjaldið er fallið. Örlaganornir munu skipa Eyvindi sæti við Mímisbrunn, segir Goðafræðin. Far vel vinur og velgjörðarmaður minn.

Guðni Ágústsson

## DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is), [dfs.is](http://dfs.is).

Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is).

Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, [saebjorg@dfs.is](mailto:saebjorg@dfs.is).

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, [auglysingar@dfs.is](mailto:auglysingar@dfs.is).

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentun: Prentmet Oddi Svansvottuð prentsmíða

## Gáta vikunnar

Horfir á og hefur gaman, hátt á fjalli merki sendir. Hreiður fjölda fugla saman, fýlulegur blástur hendir.

Svar við gátu í blaði 2852: NET

1. Fiskinet - 2. Hárnet
3. Internet - 4. Körfulbotnet



Við prentum ljósmyndir

[honnun.prentmetoddi.is](http://honnun.prentmetoddi.is)



Sími 482 1944  
[selfoss@prentmetoddi.is](mailto:selfoss@prentmetoddi.is)

SENDUM HVERT Á LAND SEM ER



# RJÚFUM VÍTAHRINGINN

## Hringferð Samtaka atvinnulífsins 2026 hefst á Selfossi.

Jón Ólafur Halldórsson, formaður SA, og Bjarni Benediktsson, framkvæmdastjóri SA, bjóða forsvarsmönnum fyrirtækja, launafólks, sveitarstjórnarfólki og öðrum áhugasömum til morgunverðarfundar þar sem áskoranir atvinnulífs og samfélags eru ræddar með sérstakri áherslu á hvernig vítahringur óstöðugleika í efnahagslífinu verður rofinn.

Öflugt atvinnulíf er forsenda stöðugleika og aukinna lífsgæða.  
Komdu á fund og taktu þátt í samtali um framtíðina.

26. maí.  
8.30-10.00

Húsið opnað 8.15 með léttum veitingum.  
Tryggvaskáli, Selfossi

Nánari upplýsingar og skráning á [sa.is](https://sa.is)



 **samtök  
atvinnulífsins**



### UMSJÓN MEÐ REKSTRI OG VIÐHALDI VAÐÖLDUVERS

## Viltu byggja upp framtíð vindorku á Íslandi?

Við hjá Landsvirkjun stígum núna stór skref inn í nýjan veruleika, þar sem vindorka verður ein af lykilstöðum orkukerfis framtíðarinnar. Við leitum að öflugum einstaklingi til að byggja upp og móta viðhald á innviðum fyrsta vindorkuvers Íslands.

Þetta er spennandi starf fyrir einstakling með reynslu í viðhaldsstýringu, sem hefur drifkraft, frumkvæði og vilja til að taka ábyrgð í umhverfi sem er enn í mótun. Þú berð ábyrgð á viðhaldi og rekstri á innviðum versins, þar með talið háspennubúnaði, safnstöð og stoðbúnaði sem Landsvirkjun á og rekur. Í starfinu gefst tækifæri til að byggja upp þekkingu en einnig til að finna betri leiðir, hámarka afköst og tryggja samvinnu við þjónustuaðila vindmyllanna.

Starfsstöð er til að byrja með á framkvæmdasvæði Vaðölduvers, en framtíðarstarfsstöð verður í þjónustuhúsi á Hellu sem opnað verður haustið 2027.

#### Við hverju má búast?

- Uppbyggingu og þróun viðhaldsáætlana fyrir innviði Vaðölduvers
- Umsjón með viðhaldi, ástandseftirliti og viðbrögðum við bilunum
- Samhæfingu við þjónustuaðila vindmyllanna um daglegan rekstur
- Vinnu að auknu rekstraröryggi, endingu búnaðar og hagkvæmni í rekstri
- Samvinnu við stjórnstöð Landsvirkjunar og ytri samstarfsaðila

Nánari upplýsingar og lýsing á hæfnikröfum er á [landsvirkjun.is](https://landsvirkjun.is)

Umsóknarfrestur er til og með 26. maí

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar  
[landsvirkjun.is/storf](https://landsvirkjun.is/storf)

 **Landsvirkjun**



# Spennandi vetur í Þjórsárskóla að klárast

Það hefur svo sannarlega verið nóg að gera í Þjórsárskóla í Skeiða- og Gnúpverjahreppi í vetur. Við skólann hafa 64 nemendur verið við nám í vetur í 1.-9. bekk en næsti vetur verður sá fyrsti í langan tíma þar sem að skólinn verður með nemendur í öllum árgöngum.

Verknámshús var opnað í vetur en fram að því hafði aðstaða til smíðakennslu og heim-

ilisfræði verið inni í skólabyggingunni. En þegar nemendum var farið að fjölga hressilega þá voru góð ráð dýr og því hófst sveitarfélagið handa síðasta sumar við að byggja glænýtt verknámshús. Sú vinna gekk vonum fram og verknámshúsið var komið í fulla notkun eftir áramótin. Ekki veitti af því að stofan sem áður hósti smíðastofu fékk þá nýtt hlutverk

eftir góðar breytingar og varð að kennslustofu fyrir miðstigið.

Það er óhætt að segja að þessi breyting hafi verið mjög jákvæð. Skólinn er nú með nýtt kennslueldhús fyrir heimilisfræði og góða aðstöðu til smíðakennslu og textíl- og myndmenntakennslu. Bæði nemendur og kennarar hafa, síðustu mánuði, verið að koma sér fyrir og finna taktinn í þessu nýja og frábæra umhverfi. Lionsklúbburinn Dynkur gaf skólanum saumavél og víniskera fyrir verknámshúsið að andvirði 250.000 kr. Þessi stuðningur kemur sér sannarlega vel.

Útinámið hefur alltaf skipað stóran sess í Þjórsárskóla og enginn breyting er á því þennan veturinn. Við hófum skólaárið á tjaldútilegu í haust þar sem að allur skólinn fór í skógarferð í Þjórsárdalinn og gistu nemendur

í 2.-9. bekk í tjöldum eina nótt. Nemendur og kennarar stóðu sig frábærlega. Í mars fór miðstigið í skálaferð þar sem leikir og samvera voru aðalviðfangsefnið og aftur er stefnt á ferð í vor þegar unglingastigið fer í dags gönguferð í Þjórsárdalnum með endastöð í fjallaskálanum Kletti þar sem þau munu gista. Skálinn Klettur er á afrétti Flóa og Skeiða. Auk þess hafa nemendur verið í markvissu útinámi í allan vetur þar sem unnið hefur verið að fjölbreyttum verkefnum.

Allt þetta hefur stutt vel við það fjölbreytta nám sem fer fram á öllum stigum. Eftir magnaða árhátíð í haust hafa nemendur verið á fullu í ýmskonar þemaverkefnum. Lestri er gert hátt undir höfði á öllum stigum og það eru glæsilegar framfarir hvert sem lítið er.



Mynd tekin af Helenu Steinþórsdóttur í Þjórsárdalnum.

Unglingastigið gerði sér svo lítið fyrir og skellti sér á sýninguna Moulin Rouge í Borgarleikhúsinu þar sem þau voru til fyrirmyndar og skemmtu sér konunglega. Næsta haust hefst svo á námsferð 9. bekkjar til Berlínar sem hefur verið í undirbúningi í allan vetur og að sjálf-sögðu á útilegu þar sem að allur skólinn fer aftur af stað.

Þá má ekki gleyma glæsilegu fullbúnu íþróttahúsi sem tekið verður í notkun næsta haust og mun gjörbylta íþróttakennslu við skólann.

Það er hjart yfir í Þjórsárskóla.

Guðmundur Finnbogason, Skólastjóri Þjórsárskóla



Mynd tekin af Lilju Loftsdóttur í Þjórsárdalnum.

## Útboð

Flóahreppur og Rarik óskar eftir tilboðum í verkið



### Endurnýjun stofnlagna með frá Gaulverjabæ að Skógsnesi

Verkið felur í sér lagningu á PE180 lagnar frá Félagslundum að Hamri og PE110 frá Hamri að Skógsnesi. Í sama skurðsnið á að leggja nýja háspennu lögn fyrir Rarik.

Útboðsgögn er hægt að fá rafrænt frá 25.maí 2026 með því að senda tölvupóst á floahreppur@floahreppur.is

Tilboð verða opnuð á skrifstofu Flóahrepps í Þingborg 801 Selfoss fimmtudaginn 18.júní. 2026 kl 11:00



## Opnað fyrir umsóknir í nýjan Hörpusjóð – Ein milljón króna til samfélagsverkefna sem efla inngildinguna

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hafa sett á laggirnar nýjan samfélagssjóð, Hörpusjóðinn, til minningar um Hörpu Elínu Haraldsdóttur. Sjóðnum er ætlað að styðja við verkefni sem efla inngildinguna og samheldni nýrra íbúa á Suðurlandi og er nú blásið til fyrstu úthlutunar hans. Umsóknarfrestur er til og með 15. júní nk.

Hörpusjóðurinn er nýr sjóður stofnaður til minningar um Hörpu Elínu Haraldsdóttur, sem var ötull talsmaður þess að taka vel á móti nýjum íbúum og draga fram það sem sameinar fólk á hverjum stað.

### Markmið og áherslur hins nýja sjóðs

Markmið Hörpusjóðsins er að styðja við félagslega og menningarlega aðlögun nýrra íbúa á Suðurlandi, óháð þjóðerni, tungumáli eða bakgrunni. Sjóðnum er ætlað að auka samheldni og gagnkvæman skilning milli nýrra og rötgróinna íbúa og stuðla þannig að lifandi og öruggum samfélögum í landslutunum.

Verkefni sem njóta forgangs eru m.a.:

- Verkefni sem stuðla að virkri þátttöku nýrra íbúa í samfélags-, menningar- og frístundalífi.

- Samstarfsverkefni milli nýrra íbúa og rötgróinna samfélagsþópa.
- Stuðningur við tungumálanám, menningarlausni eða samfélagsfræðslu.
- Skapandi og nýjar leiðir til að styrkja inngildinguna.

### Hverjir geta sótt um?

Styrkir eru veittir aðilum sem starfa á Suðurlandi, þar á meðal félagasamtökum, sveitarfélögum og stofnunum þeirra, íþróttafélögum, grasrótárhópum og einstaklingum. Styrkupphæðin nemur 1.000.000 króna og er veitt einu verkefni árlega.

### Umsóknarferli

Umsækjendur skulu sýna fram á tengsl verkefnis við nærsamfélagið á Suðurlandi og raunverulega samfélagsþörf. Verkefni skulu að jafnaði vera tímabundin og þeim skal lokið innan 12 mánaða frá úthlutun.

Umsóknarfrestur er til 15. júní 2026.

SASS hvetur öll þau sem eru með góðar hugmyndir að verkefnum sem efla samfélagsandann og inngildinguna á Suðurlandi til að kynna sér úthlutunarreglur og senda inn umsókn í þennan nýja og mikilvæga sjóð.



Hörpusjóðurinn er minngarsjóður Hörpu Elínu.



Skrifstofa Eyraveggi 9, Selfossi  
Sími: 482 1717  
tonar@tonar.is; www.tonar.is

Skrifstofan er lokað frá miðjum júní fram í byrjun ágúst.

### UMSÓKN UM SKÓLAVIST 2026–2027

Sótt er um rafrænt á heimasíðu Tónlistarskóla Árnésinga

[www.tonar.is](http://www.tonar.is) - smellt á: [UMSÓKN UM SKÓLAVIST](#)

og allar umboðnar upplýsingar fylltar út.

Núna er rétti tíminn til að sækja um nám skólaárið 2026-2027. Best er að sækja um fyrir 3. júní.

Allar frekari upplýsingar eru á heimasíðu skólans [www.tonar.is](http://www.tonar.is) og þar er einnig sótt um nám rafrænt.

Nemendur á blásturhljóðfæri eru sérstaklega velkomnir.

**Gott er að sækja um sem fyrst til að tryggja sér pláss.**

Nemendur sem fá skólavist, fá tölvupóst í ágúst með upplýsingum um greiðslu skólagjalda.

Kennslutímabilið byrjar í lok ágúst og stendur til mailoka.

Nemendur á blásturs- og strokhljóðfæri geta leigt hljóðfæri af skólanum.

Hefurðu sótt um áður án þess að fá skólavist?  
Endurnýja þarf umsókn árlega.

## Skapandi ferli og vellíðan í fyrirrúmi í Listasafni Árnesinga

Dagana 20.–21. maí stóð Listasafn Árnesinga fyrir tveggja daga námskeiði í samstarfi við Listasafn Íslands undir yfirskriftinni Getur list læknað með því að tengja saman huga og líkama? Og leitt til aukinnar þátttöku, vellíðunar og inngildingar? Þar verður kannað hvernig skapandi ferli, listasmiðjum og safnaheimsóknir geta stuðlað að aukinni vellíðan, sjálfstjórningu og tengingu huga og líkama. Sérstök áhersla verður lögð á inngildinguna á áhrif lista á einstaklinga á einhverfurófi og jaðarsettra hópa.

Námskeiðið skiptist í fyrirlestra og umræður í Listasafni Íslands og verklegar listasmiðjur í Listasafni Árnesinga þar sem unnið verður meðal annars með leir, stop-motion og líkamsmiðaða sköpun.

Leiðbeinendur eru frönsku listakonurnar og safnkennararnir Thomasine Giesecke og Pascale Chau-huu sem báðar hafa mikla reynslu af skapandi fræðslu og listmiðlun. Thomasine hefur starfað sem safnkennari við Musée d'Orsay og Musée de l'Orangerie í París og hefur um yfir 20 ára reynslu á því sviði.



Thomasine hefur brennandi áhuga á að kanna nýjar kennsluáferðir og í rannsóknarvinnu sinni hefur hún orðið vör við mátt efniviðarins fyrir börn, unglunga og fullorðna. Thomasine segir „Ég met það mikils að sjá líkamleg samskipti fólks við ólík efni. Þessi verkfæri losa um tilfinningar og efla skynjun og næmi, bæði líkamlegt og vitsmunalegt.“

Námskeiðið hefur vakið mikinn áhuga meðal fagfólks með ólíkan bakgrunn og er fullbókað, en almenningi býðst að taka þátt í tveim opnum listasmiðjum laugardaginn 23. maí í Listasafni Árnesinga. Þar verða meðal annars smiðjurnar Líkamsmyndir í leir – sköpun, hreyfing og dýpt fyrir fullorðna og börn frá 6 ára aldri frá kl. 15-17 með Thomasine og Pascale og Að leika sér með letur með franska hönnuðinum Gregoire Romanet sem fer fram á milli kl. 13-15.

Gregoire er grafískur hönnuður og sviðsmyndahönnuður með aðsetur í París. Hann útskrifaðist frá hinum virta École Supérieure des Arts Décoratifs í Strassborg og vinnur á mörkum myndar, leturgerð og rýmis — og hefur meðal annars hannað stórar veggmyndir á opinberum stöðum og tilraunakenndar leturgerðir. Auk þess hefur Gregoire leiðbeint fjölmörgum smiðjum og námskeiðum í listaskólum í Frakklandi.

Listasafn Árnesinga er stolt af gróskumikilli dagskrá og leggur metnað í öflugt fræðslustarf í samstarfi við fagfólk nær og fjær. Markmið safnsins er ávallt að gera safnið aðgengilegt öllum, óháð búsetu, efnahag eða félagslegum aðstæðum. Framlag safnsins er því mikilvægur þáttur í menningarlífi á svæðinu.

## Auglýsing um skipulag



Eftirtaldir skipulagstillögur eru auglýstar skv. 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar eru til umsagnar í skipulagsgátt og er hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar þar.

### Hjarðarból - Fjölgun íbúðalóða - óveruleg aðalskipulagsbreyting

Lögð er fram óveruleg breyting á aðalskipulagi vegna Hjarðarbóls (ÍB27). Breytingin felst í uppfærslu á töflu þar sem fram kemur fjöldi lóða og er fjölda breytt úr 25 í 31.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 30. apríl 2026.

### Deiliskipulag efnistökunáma E10, E11 og E12

Lagt er fram deiliskipulag fyrir efnisnámur í landi Hrauns. Efnisnámunar eru númer E10, E11 og E12 í aðalskipulagi.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 30. apríl 2026.

### Framkvæmdaleyfi - Vinnsluborhola í Lakakróki

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna vinnsluborholu í Lakakróki. Framkvæmdin er innan skilgreinds iðnaðarsvæðis og í samræmi við umhverfismatskýrslu frá 2025 „Vinnslu- og rannsóknarholur í Hverahlíð II og Meitlum, Sveitarfélaginu Ölfusi“

Framkvæmdaleyfið var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 30. apríl 2026.

### Framkvæmdaleyfi - Ýmsar framkvæmdir við tengivirki á Völlum

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna ýmissa framkvæmda í kringum tengivirki Landsnets á Völlum við Hveragerði. Framkvæmdirnar tengjast stækkun tengivirkisins sem fyrirhuguð er síðar í sumar en eru þó ekki hluti byggingarleyfisins.

Framkvæmdaleyfið var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 30. apríl 2026.

### Framkvæmdaleyfi - Þorlákshafnarlína 2

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna lagningar Þorlákshafnarlínu 2. Umsóknin snýr aðeins að þeim kafla sem fyrirhuguð er að leggja á árinu 2026.

Framkvæmdaleyfið var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 30. apríl 2026.

Skipulagstillögurnar eru til umsagnar á Skipulagsgáttinni á [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) til og með 2.7.2026. Til að finna ákveðið mál skal smella á „Leita að máli“ og slá inn nafn málsins í leitarreitinn.

### Á Skipulagsgáttinni er hægt að:

- Skoða allar upplýsingar og gögn sem tengjast málinu
- Leggja fram athugasemdir
- Lesa þær athugasemdir sem aðrir hafa sent inn
- Ef hakað er við „Vakta mál“ á tilteknu máli, fær viðkomandi tilkynningu í tölvupósti í hvert skipti sem breyting verður á málinu.

Gögn vegna framkvæmdaleyfa eru jafnframt aðgengileg í skipulagsgátt og má finna leiðbeiningar um færur og upplýsingar um færufresti hér að neðan.

Þá er einnig hægt að nálgast upplýsingar eða gögn á Bæjarskrifstofu Ölfus, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn, með því að senda fyrirspurn á [skipulag@olfus.is](mailto:skipulag@olfus.is) eða hafa samband við bæjarskrifstofuna í síma 480 3800.

Sigurður Steinar Ásgeirsson  
Sviðsstjóri  
Skipulags- og lögfræðisvið

Vakin er athygli á að samkvæmt 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 73/2020 og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 160/2010, má kæra ákvarðanir sveitarstjórnar um samþykkt aðalskipulagsbreytinga og deiliskipulagsáætlana til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Um kærufrest fer samkvæmt 3. mgr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem kveðið er á um fjögurra vikna kærufrest frá birtingu ákvörðunar í B-deild Stjórnartíðinda. Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga og 5. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, er sjálfstætt kærnanleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur vegna slíkrar ákvörðunar er einn mánuður, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Um meðferð kærur mála gilda ákvæði laga nr. 130/2011, reglugerðar nr. 1300/2011 um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, auk ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, einkum um kærueheimild, sbr. 26. gr., andmælarétt, sbr. 13. gr., og rannsóknarreglu, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga. Kæru skal beint til úrskurðarnefndarinnar að Borgartúni 21, 105 Reykjavík, eða með rafrænum hætti í gegnum kærugátt Stjórnarráðs Íslands á [www.stjornarradid.is](http://www.stjornarradid.is)

## Við prentum ljósmyndir

[honnun.prentmetoddi.is](http://honnun.prentmetoddi.is)

Við prentum ljósmyndir í öllum algengustu stærðunum.



## Störf kennara við Þjorsárskóla

Lausar eru til umsóknar eftirfarandi stöður kennara við Þjorsárskóla.

### Stöður:

- Deildarstjóri mið- og unglingastigs 40%
- Umsjónarkennari á yngsta stigi 100%
- Umsjónarkennari á miðstigi 100%
- Umsjónarkennari á unglingastigi 100%
- Hönnun og smíði 35%
- Textílkennsla 40%
- Útikennsla 20%
- Heimilisfræði 35%
- Tónmenntakennsla 20%
- Íþrótt og sundkennsla 80-100%

### Hæfnikröfur:

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari / í Med námi.
- Áhugi á að starfa með börnum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Áhugi á skólaþróun.
- Faglegur metnaður.
- Áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi.
- Reynsla af teymisvinnu er kostur.
- Mjög góð íslenskukunnátta.

Þjorsárskóli er heildstæður skóli í Skeiða- og Gnúpverjahreppi með um 65-70 nemendur í 1.-10. bekk. Mikil áhersla er á útinám og að þróa skólastarf sem að kemur til móts við nemendur með einstaklingsbundnum hætti. Skólinn er staðsettur í Árnesi um 30 mínútur frá Selfossi. Við skólann er verið að byggja fullbúið íþróttahús sem tekið verður í notkun fyrir skólann haustið 2026. Húsið býður upp á fjölbreytta og metnaðarfulla kennslu og spennandi aðstöðu fyrir íþróttakennara. Skólinn er vel búinn hvað varðar aðstöðu í nýju verknámshúsi.

Kennsluskylda í umsjón er sveigjanleg og umsækjendur eru hvattir til að hafa samband við skólastjóra.

Við skólann er mikil útikennsla og áhersla á ferðir og ferðalög. Mikilvægt er að umsækjendur séu tilbúnir til að taka þátt í slíku starfi og best ef að viðkomandi hefur mikinn áhuga á slíku.

Við skólann starfar metnaðarfullur mannauður og viljum við bæta við þann góða hóp. Mikilvægt er að umsækjendur séu jákvæðir og góðir í samskiptum.

Fólk, óháð kyni, er hvatt til að sækja um.

**Umsóknarfrestur er til 24. maí nk.**

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Finn-bogason, skólastjóri, sími 895 2409 netfang : guðmundur@thjorsarskoli.is.

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá, prófskírteinum og upplýsingum um fyrri störf sendist í tölvupósti á guðmundur@thjorsarskoli.is.



# Samningur um „Öruggara Suðurland“ undirritaður: Markviss eftirfylgni og öflugara samstarf viðbragðsaðila

Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri SASS og Arndís Soffía Sigurðardóttir fulltrúi Lögreglustjórans á Suðurlandi undirrituðu nýverið samning um áhersluverkefnið „Öruggara Suðurland“. Verkefnið, sem hlýtur 10 milljóna króna styrk úr Sóknaráætlun Suðurlands, miðar að því að styrkja samstarf viðbragðsaðila og tryggja íbúum landshlutans hraðari og markvissari aðstoð í viðkvæmum málum.

„Öruggara Suðurland“ er samhæft öryggis- og velferðarverkefni sem byggir á nánu samstarfi lögreglu, sveitarfélaga, heilbrigðisþjónustu og menntastofnana á Suðurlandi. Markmiðið er að stytta boðleiðir milli kerfa þegar einstaklingar glíma við ofbeldi, fíknivanda eða andleg veikindi og tryggja að viðeigandi úrræði grípi þá sem á þurfa að halda strax á fyrstu stigum.

### Brú á milli kerfa með markvissri eftirfylgd

Kjarni verkefnisins er 75% stöðugildi starfsmanns sem starfar þvert á stofnanir og þjónar öllum samstarfsaðilum. Starfsmaðurinn gegnir lykilhlutverki við að fylgjast með málum í lögreglakerfinu, kortleggja þörf á stuðningi og tryggja að einstaklingar fái fljótt og örugglega aðgengi að viðeigandi þjónustu hjá sveitarfélögum, heilbrigðisstofnunum eða félagasamtökum. Með þessu er dregið úr líkum á

því að mál falli á milli þilja og stuðlað að bættu öryggi og líðan íbúa á Suðurlandi.

### Öflugt samstarf sunnlenskra lykilstofnana

Verkefnið hvílir á breiðum grunni og byggir á samstilltu átaki margra af mikilvægustu stofnunum landshlutans. Auk Lögreglustjórans á Suðurlandi og SASS koma fjölmargir lykilaðilar að framkvæmdinni til að tryggja öryggi og velferð íbúa. Þar má nefna Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Félagsþjónustuna og barnavernd á Suðurlandi, ásamt Sýslumanninum á Suðurlandi. Menntastofnanir á svæðinu skipa sömuleiðis stóran sess í verkefninu, en þar eiga Fjölbrotaskóli Suðurlands, Menntaskólinn á Laugarvatni og Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu öflugt samstarf um að bæta þjónustu og stytta

boðleiðir fyrir unga fólkið í landshlutunum.

Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands

„Öruggara Suðurland“ er áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands á vegum SASS. Verkefnið þykir til fyrirmyndar hvað varðar hagkvæmni og samfélagslegan ávinning, en það byggir á hugmyndafræði farsældar og snemmtækrar íhlutunar. Gert er ráð fyrir að vinnulagið sem nú er fest í sessi á Suðurlandi muni nýtast sem fyrirmynd fyrir samþærileg verkefni víðar um landið í framtíðinni.

Samningstími verkefnisins nær fram til apríl 2027 og er það von beggja undirritunaraðila að þessi fjárfesting í auknu samstarfi muni skila sér í auknu öryggi og bættri velferð fyrir alla Sunnlendinga.

SASS



Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri SASS og Arndís Soffía Sigurðardóttir fulltrúi Lögreglustjórans á Suðurlandi. Mynd: Aðsend.

## Sýning eins og veisluborð - Yfir tíu listamenn á Bókasafninu í Hveragerði

Listamenn í Hveragerði og víðar af suðurlandi koma nú fram úr fylgsnum sínum með hækkandi sól og sýna afrakstur sköpunar sinnar.

Ellefu listamenn, leikmenn og lærðir sýna á Bókasafninu í Hveragerði. Sýning listahópsins Handverk og hugvit undir hamri nefnist Tímamót og er tileinkuð 80 ára afmæli Hveragerðisbæjar. Verkin eru 30 talsins.

Svo ólík eru þau að helst má kalla sýninguna margréttad veisluborð. Keramik, málverk, útskurður, textílverk, ljósmyndir og fleira er til sýnis og má bjóða í verkin. Lang flest eru til sölu.

Ein skál úr keramik og silfri skipar sérstakan sess á sýningunni. Áþekkt skál er nú á Bessastöðum og var nýlega færð forseta Íslands sem gjöf frá Hveragerði. Skálin á þessari sýningu er hins vegar gjöf listahópsins til bæjarins.

Sýningin er opin til 12. júní á Bókasafni Hveragerðis.

Sýnendur eru þær Guðbjörg Auðar Björnsdóttir, María Dröfn Þórhallsdóttir, Ólöf Bjarnadóttir, Hrönn Waltersdóttir, Linda Gísladóttir, Svanhildur Una Einarsdóttir, Steinunn Aldís Helgadóttir, Ólöf Sæmundsdóttir og Guðrún Arnáís Tryggvadóttir (sitjandi)

dóttir, Linda Gísladóttir, Steinunn Aldís Helgadóttir, Ólöf Sæmundsdóttir, Guðrún Arnáís Tryggvadóttir og Hafþór Ragnar Þórhallsdóttir og Ólöf Sæmundsdóttir og Maia Irena.

„Hvert verk segir sýna sögu og saman mynda þau samtali milli fortíðar, nútíðar og framtíðar um samfélagið sem við búum í, tímamót og sköpunarkraftinn sem í okkur býr,“ segir Hrönn. Allir séu velkomnir í félagið en nú þurfi stærra húsnæði.



Gjöfin til Hveragerðisbæjar eftir Hrönn Waltersdóttur



Hluti sýningarhópsins. Fv. María Dröfn Þórhallsdóttir, Ólöf Bjarnadóttir, Hrönn Waltersdóttir, Linda Gísladóttir, Svanhildur Una Einarsdóttir, Steinunn Aldís Helgadóttir, Ólöf Sæmundsdóttir og Guðrún Arnáís Tryggvadóttir (sitjandi)

## Vel sótt á Fjölmeningarhátíðina á Hellu

Fjölmeningarhátíð var haldin á Hellu laugardaginn 9. maí síðastliðinn þar sem íbúar svæðisins komu saman og kynntu menningu sína með fjölbreyttum hætti. Gestir gátu notið matar, tónlistar, listar og ýmiss konar skemmtunar frá ólíkum menningarheimum í hlýlegu og fjölskylduvænu umhverfi.

Hátíðin þótti einstaklega vel heppnuð og var mikil aðsókn

allan tímann. Talið er að á bilinu 600 til 700 manns hafi sótt viðburðinn yfir daginn.

Hátíðin var opin öllum og sérstök áhersla lögð á þátttöku fjölskyldna og barna. Viðburðurinn var á vegum Fjölmeningarráða Rangárbings ytra og Rangárbings eystra, en markmið hátíðarinnar er að efla samkennd og auka sýnileika fjölbreytileika í samfélaginu.

Alls voru 14 þátttakendur sem tóku þátt í dagskránni. Meðal atriða voru tónlistarflutningur frá fjölmeningarkörnum Vox, taflenskur dans og sýning í thai boxi sem vakti mikla athygli gesta.

Fyrirtækin SS og Holta lögðu til kjöt fyrir þátttakendur og sveitarfélagið veitti verkefni stuðning.



## Viðurkenningar Markaðsstofu Suðurlands til fyrirtækja í ferðaþjónustu

Markaðsstofa Suðurlands veitir árlega viðurkenningar fyrir Sprota ársins og Framlag ársins í ferðaþjónustu á Suðurlandi og úthlutunin í ár fór fram á aðalfundi sem haldinn var haldinn þann 7. maí sl..

### Sproti Ársins 2026

Í ár féll viðurkenningin fyrir Sprota ársins í skaut fyrirtækisins Artic Trailblazers sem hefur á skömmum tíma vakið athygli fyrir spennandi og vandaðar ævintýraferðir á Suðurlandi. Fyrirtækið hefur þróað einstaka upplifun þar sem ferðalangar fá að njóta náttúrunnar á nýjan og kraftmikinn hátt, meðal annars með snjöhjóra- og enduro ferðum.

Það sem einkennir Arctic Trailblazers er metnaðurinn og ástríðan sem liggur að baki vörinni þeirra, og má það glögg lesa þegar rennt er yfir ummæli þeirra sem hafa prófað. Kemur þar meðal annars fram að gæði, öryggi og persónuleg þjónusta þeirra hafi galdrað fram einstaka upplifun gesta þeirra. Þau Eva Sæland og Óskar Sigurðsson sem eiga og reka fyrirtækið hafa því ekki aðeins aukið fjölbreytni í ferðaþjónustu á svæðinu, heldur líka styrkt ímynd Suðurlands sem áfangastaðar fyrir þá sem leita að ævintýrum og nýrri upplifun.

### Framlag til ferðaþjónustu 2026

Viðurkenninguna fyrir framlag til ferðaþjónustu fyrir árið 2026 hlýtur Kristín Jóhannsdóttir, safnstjóri Eldheima í Vestmannaeyjum.

Kristín er fædd í Reykjavík en uppalin í Vestmannaeyjum og hefur alla tíð haft sterkar rætur í samfélaginu þar.

Starfsferill hennar hefur verið bæði fjölbreyttur og alþjóðlegur, meðal annars sem fréttaritari RÚV í Berlín og markaðs- og upplýsingastjóri Icelandair í Frankfurt. Þá hefur hún starfað við leiðsögn, markaðsmál og skipulagningu fjölbreyttra verkefna þar sem Ísland og Vestmannaeyjar hafa verið í forgrunni.

Kristín var ráðin til Vestmannaeyjabæjar árið 2004 sem ferða-, menningar- og markaðsfulltrúi og nýtti þar öflugt tengslanet sitt til að kynna Eyjarnar á erlendum vettvangi. Hún átti stóran þátt í að móta þá sýn að Vestmannaeyjar yrðu kynntar sem „Pompei Norðursins“, sem síðar varð kveikjan að uppbyggingu Eldheima.

Frá opnun Eldheima árið 2014 hefur Kristín gegnt lykilhlutverki sem safnstjóri og byggt upp safnið sem einn af mikilvægustu áfangastöðum landsins. Undir hennar stjórn hefur tekist að miðla sögu gossins 1973 á lifandi og áhrifaríkan hátt sem dregur að sér þúsundir gesta á ári hverju. Samhliða því hefur hún staðið fyrir fjölbreyttum menningarviðburðum og lagt sitt af mörkum til að efla menningarlíf og upplifun gesta í Eyjum. Kristín starfaði einnig um tíma í faghóp og stjórn Markaðsstofu Suðurlands.

Með alla sína reynslu hefur Kristín lagt mikið til ferðaþjónustu á Suðurlandi, þar sem fagmennska, metnaður og skýr sýn hafa einkennt hennar störf.



**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Hægt er að senda inn fréttatilkynningar  
á netfangið [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is)

## FUNDIR



## Krabbameinsfélagið

## OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14  
Opíð hús

Þriðjudagar kl. 11-13  
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14:-16  
Unga fólkíð

Miðvikudagar kl. 11-14  
Opíð hús

Fimmtudagar lokað  
Viðburðir auglýstir sérstaklega á  
Brossiðunni

Föstudagar kl. 11-13  
Opíð hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði  
Karlahöpurinn Smáramir kl. 18  
Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300  
arnessysla@krabb.is  
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag  
Arnessyslu/Brossið/Smáranir

## AI-Anon Selfossi

AI-Anon fundir - einn dagur í einu, alla laugardaga. Nýliðafundur hefst 9:30 og AI-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

## AI-Anon Selfossi

AI-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

## AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA opin fundur  
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

## Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krukus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

## AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

## AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

## CoDA

Bataleið frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

## CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn  
Mánudaga kl. 19:30.

## Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,  
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

## AA fundir í Hveragerði í húsi

Rauða krossins. Mánamörk 1  
Mánudaga Kl.18 - Konur  
Fimmtudaga Kl.18 -  
Sporafundur - Konur

## ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir  
SELFOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLAND

## Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf  
skattskil

Þjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



LÖGGILTUR RAFVERKTAKI  
Á SUÐURLANDI  
Tómas Örn  
Sími: 897 2027  
tommisnorra@gmail.com

## HEILSA

Energy Touch  
- Nudd  
- Heildræn  
meðhöndlun



Jákvæðar  
hugsanir  
breyta deginum



Ragnhildur  
Sigurðardóttir  
Sími 693 2197  
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í íþróttfræðum,  
nálastungur, yoga,  
NLP-master/coach,  
heilsumuddari,  
Hugræn atferlismeðferð,  
meta medicine.

## KIRKJUR

## Hvítasunnukirkjan Selfossi

Austurvegi 40b  
Samkoma á sunnudögum  
kl.11:00  
English translation available.  
Unglingasamkomur á fimmtu-  
dögum kl. 20:00  
Allir innilega velkomnir.

## Fermingar

Annar í hvítasunnu, ferming í  
Árbæjarkirkju kl. 11. Sr. Axel Á  
Njarðvík þjónar fyrir altari.

Annar í hvítasunnu, ferming í  
Kálholtskirkju kl. 14. Sr. Axel Á  
Njarðvík þjónar fyrir altari.

## Stóra-Núpskirkja:

Hátíðarmessa og ferming á  
hvítasunnu kl. 11. Kirkjukórinn  
leiðir söng undir stjórn  
Þorbjargar Jóhannsdóttur organ-  
ista. Verið öll velkomnir!

# Rödd skólans sigraði nemendakosningar í Vallaskóla

Á dögunum fóru fram nemendakosningar á unglingastigi Vallaskóla. Þar stofnuðu nemendur stjórnmalaflokka, unnu málefnskrá og kynntu fyrir nemendum og starfsmönnum skólans. Framboðsfundur fór fram þar sem forsvarsmenn flokkanna kynntu málefnið og sátu fyrir svörum. Í kjölfarið fóru kosningar fram og varð flokkurinn Rödd skólans hlutskarpastur.

## KIRKJUR

## Selfosskirkja

Síðasti sunnudagaskóli vetrarins verður á hvítasunnudag 24. maí kl. 11:00.

Útímissa við Selfosskirkju kl. 17:00 á hvítasunnudag 24. maí. Kirkjukórinn syngur, organisti Edit A. Molnár, prestur Guðbjörg Arnardóttir. Ef veðrið verður okkur óhagstætt verður messan inni í kirkjunni.

## Hraungerðiskirkja

Fermingarmessa á hvítasunnudag 24. maí kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur, kantor Pétur Nói Stefánsson, prestur Guðbjörg Arnardóttir.

## Gaulverjabæjarkirkja

Fermingarmessa á hvítasunnudag 24. maí kl. 14:00. Kirkjukórinn syngur, kantor Pétur Nói Stefánsson, prestur Guðbjörg Arnardóttir.

## Villingaholtskirkja

Fermingarmessa á annan hvítasunnudag 25. maí kl. 14:00. Kirkjukórinn syngur, kantor Pétur Nói Stefánsson, prestur Anna Eiríksdóttir.

## Miðdalskirkja

Fermingarguðsþjónusta á hvítasunnudag kl. 11. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir þjónar og Jón Bjarnason leikur á orgel og leiðir safnaðarsöng. Meðhjálpari er Ragnheiður Hilmarsdóttir.

## Skálholtsdómkirkja

Fermingarguðsþjónusta á hvítasunnudag kl. 14. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir og Bergþóra Ragnarsdóttir djákni þjóna. Skálholtskórinn syngur undir stjórn Jóns Bjarnasonar. Hátíðartón Bjarna Þorsteinssonar sungið.

## Mosfellskirkja í Grímsnesi

Fermingarguðsþjónusta annan hvítasunnudag kl. 13. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir þjónar og Jón Bjarnason pumpar orgelið. Meðhjálpari er hringjari er Hörður Óli Guðmundsson.

## Þorláksskirkja

Fermingarmessa kl. 13:30. Kór Þorlákss- og Hjallasóknar leiðir almennan safnaðarsöng við undirleik Esterar Ólafsdóttur, organista. Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir þjónar Verum öll velkomnir

Samkvæmt venju fengu fulltrúar flokksins fund með stjórnendateymi skólans þar sem þeir gátu komið sínum helstu málum á framfæri sem og fengið svör við þeirra spurningum. Helstu málin sem nemendur stóðu fyrir voru úrbætur á skólalóð, grautur á morgnana, aðstaða fyrir nemendur í frímínútum og hádegishléum, meiri fjölbreytni í valá-

föngum, fjölbreyttari matur, bætt salernisaðstaða nemenda og skólabúðir og hvers vegna Árborg heimilar ekki að nemendur sækja þær.

Fundurinn var góður í alla staði og stjórnendur ánægðir með hversu virkt nemendalyðræði er við skólann og nemendur frambærilegir og málefnalegir.



# SVEITARSTJÓRNAR- KOSNINGAR 2026



## Ásahreppur


### Kjörnir fulltrúar

- 1 Ísleifur Jónasson (86)
- 2 Helga Björg Helgadóttir (86)
- 3 Kristín Hreinsdóttir (72)
- 4 Gréta Vilborg Guðmundsdóttir (47)
- 5 Emil Þórðarson (46)

Á kjörskrá: 224

Kjörsókn: 56,7%

## Bláskógabyggð



### Kjörnir fulltrúar

- 1 Helgi Kjartansson (T)
- 2 Stefania Hákonardóttir (T)
- 3 Anna Greta Ólafsdóttir (P)
- 4 Áslaug Alda Þórarinsdóttir (T)
- 5 Ísak Eyfjörð Arnarson (T)
- 6 Valdís María Smáradóttir (P)
- 7 Kristján Einir Traustason (T)

Á kjörskrá: 988

Kjörsókn: 69,1%

## Flóahreppur




### Kjörnir fulltrúar

- 1 Árni Eiríksson (I)
- 2 Hulda Kristjánsdóttir (I)
- 3 Walter Fannar Kristjánsson (I)
- 4 Almar Sigurðsson (T)
- 5 Hrafnhildur H Guðmundsdóttir (I)

Á kjörskrá: 567

Kjörsókn: 84,5%

## Grímsnes- og Grafningshreppur




### Kjörnir fulltrúar

- 1 Guðmundur Finnbogason (A)
- 2 Rebekka Lind Guðmundsdóttir (A)
- 3 Andrés Bertelsen (Ö)
- 4 Bergur Guðmundsson (A)
- 5 Ragnheiður Eggertsdóttir (A)

Á kjörskrá: 579

Kjörsókn: 81,7%

## Hrunamannahreppur




### Kjörnir fulltrúar

- 1 Jón Bjarnason (D)
- 2 Daði Geir Samúelsson (L)
- 3 Bjarney Vignisdóttir (D)
- 4 Ragnar Lúðvík Jónsson (D)
- 5 Rakei Ósk Kristófersdóttir (L)

Á kjörskrá: 678

Kjörsókn: 75,5%

## Hveragerðisbær



### Kjörnir fulltrúar

- 1 Ingimar Guðmundsson (D)
- 2 Lárus Jónsson (O)
- 3 María Rún Þorsteinsdóttir (D)
- 4 Marta Rut Ólafsdóttir (B)
- 5 Sigmar Karlsson (D)
- 6 Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (O)
- 7 Birgitta Ragnarsdóttir (S)

Á kjörskrá: 2.567

Kjörsókn: 78,1%

## Mýrdalshreppur




### Kjörnir fulltrúar

- 1 Björn Þór Ólafsson (Z)
- 2 Anna Huld Óskarsdóttir (A)
- 3 Þórey Richardt Úlfarsdóttir (Z)
- 4 Salóme Svandís Þórhildardóttir (A)
- 5 Daniel Óliver Sveinsson (Z)

Á kjörskrá: 666

Kjörsókn: 62,6%

## Rangárþing eystra



### Kjörnir fulltrúar

- 1 Anton Kári Halldórsson (D)
- 2 Rafn Bergsson (B)
- 3 Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir (D)
- 4 Andri Már Óskarsson (D)
- 5 Tómas Birgir Magnússon (N)
- 6 Bjarki Oddsson (B)
- 7 Hulda Dóra Eysteinsdóttir (D)

Á kjörskrá: 1.547

Kjörsókn: 74%

## Rangárþing ytra



### Kjörnir fulltrúar

- 1 Eggert Valur Guðmundsson (Á)
- 2 Ingvar Pétur Guðbjörnsson (D)
- 3 Margrét Harpa Guðsteinsdóttir (Á)
- 4 Guðmar Aubertsson (D)
- 5 Erla Sigurðardóttir (Á)
- 6 Þröstur Sigurðsson (D)
- 7 Viðar M. Þorsteinsson (Á)

Á kjörskrá: 1.518

Kjörsókn: 76,7%

## Skaftárhreppur



### Kjörnir fulltrúar

- 1 Sveinn Hreiðar Jenson (D)
- 2 Jóhannes Gíssonarson (Ö)
- 3 Sigurður Árnason (D)
- 4 Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir (D)
- 5 Auður Guðbjörnsdóttir (Ö)

Á kjörskrá: 454

Kjörsókn: 72,7%

## Skeiða- og Gnúpverjahreppur




### Kjörnir fulltrúar

- 1 Haraldur Þór Jónsson (L)
- 2 Gunnar Örn Marteinson (E)
- 3 Vilborg M. Ástráðsdóttir (L)
- 4 Ingibjörg Sæunn Jónsdóttir (E)
- 5 Harpa Dís Harðardóttir (L)

Á kjörskrá: 497

Kjörsókn: 85,3%

## Sveitarfélagið Árborg



### Kjörnir fulltrúar

- 1 Bragi Bjarnason (D)
- 2 Sveinn Ægir Birgisson (D)
- 3 Matthías Bjarnason (B)
- 4 Sigurjón Vídalín Guðmundsson (S)
- 5 Linda Björk Hilmarsdóttir (D)
- 6 Brynhildur Jónsdóttir (D)
- 7 Þórhildur Ingvadóttir (D)
- 8 Ellý Tómasdóttir (B)
- 9 Margrét Björk Ólafsdóttir (S)
- 10 Kjartan Björnsson (D)
- 11 Heiðrún Kristmundsdóttir (C)

Á kjörskrá: 9.567

Kjörsókn: 68,2%

## Sveitarfélagið Ölfus



### Kjörnir fulltrúar

- 1 Grétar Ingi Erendsson (D)
- 2 Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir (D)
- 3 Gunnsteinn R Ómarsson (S)
- 4 Gestur Þór Kristjánsson (D)
- 5 Erla Sif Markúsdóttir (D)
- 6 Berglind Friðriksdóttir (S)
- 7 Guðlaug Einarsdóttir (D)

Á kjörskrá: 2.212

Kjörsókn: 71,1%

**BRAG AF VINÁTTU!**

*Josera*

**Fæst hjá**  
**BYKO Selfossi**

**Ökukennsla**

Sniðið að þörfum hvers og eins.  
Kennsla á íslensku eða ensku.

Hafðu samband í **897 4693**  
Bókaðu á **UTIADAKA.IS**  
„Með þér alla leið“

**FROST**

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**800**

**LAGNIR**

**ALHLIÐA**  
**PÍPULAGNINGA**  
**VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001  
Guðjón - Sími 888 8002  
800lagnir@800lagnir.is

**PÚLSINN**  
Raf & kæliþjónusta

**Kæli & Frystikerfi**  
Viðgerðir · Þjónusta  
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

Bílasprautun - Bílaréttingar  
Bílrúðuskipti

**Bilverk BA**

*Þar sem*  
*fagmennirnir vinna*

★★★★★

Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424  
bilverkba.is

**GB Hús**  
NÝSMÍÐI | VIÐHALD | PALLSMÍÐI

**ÖLL ALMENN**  
**SMÍÐAVINNA**

Löggiltir húsasmíðameistarar

**848 0964 899 0979**  
GÍSLI ÖRN

**GBHUS@GBHUS.IS**

**FÁÐU TILBOÐ**  
**Í PINN PALL**

**899 0979 848 0964**  
ÖRN GÍSLI

WWW.SOLPALLUR.IS

**SÓLPALLUR**  
Fagmennska - Gandi - Áreiðanteiki

**LAGNALAND**

**ÁREIÐANLEGIR**  
**PÍPULAGNINGAVERKTAKAR**

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi  
lagnaland@lagnaland.is

**LAGNALAND EHF.**

**VÉLSMÍÐJA**  
**SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala**  
**Rennismíði**  
**Innréttingar**  
**Járnsmíði**

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

**prentmet.toddi**  
heildarlausnir í prentun

Umbúðir Almenn prentun Bækur

Límiðar Stimplar

Sími 482 1944  
selfoss@prentmetoddi.is  
www.prentmetoddi.is

**Raflagnir**  
**Tölvulagnir**  
**Ljósleiðaralagnir**

**TR**

Gagnheiði 26, Selfoss  
480 3300 ■ www.trs.is

**HEYRN**  
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600  
www.heyrn.is

**LÖGGILTUR**  
**HÚSASMÍÐAMEISTARI**

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575  
800SMIDI@GMAIL.COM

S: 692-2575  
**800 SMÍÐI**

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

**Lagnir og Lausnir ehf**  
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

**Stíflupjónusta**  
**Sævars Selfossi**

Sími: 861 1919  
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR  
**20 ÁRA**  
REYNSLA

**Stíflulosun úr lögnum**  
**Myndun lagna**  
**Rótarskurður o.fl.**

**Lagnapjónustan ehf**

**Pípulagnir - Efnissala**  
**482 2311 696 2311**  
Skrifstofa Þjónustusími

**STÍFLULOSUN**  
SUÐURLANDS

VIÐ ELSKUM  
**STÍFLUR!**

**STÍFLULOSANIR**  
**LAGNAMYNDUN - ÁSTANDSSKOÐANIR**  
**SÓNUM ÚT LAGNIR**  
**LAGNAFÓÐRUN**  
**ROTÞRÆR**  
**FITUGILDRUR**  
**SANDGILDRUR**  
**SKÓLPHEINSISTÖÐVAR**  
**HOLRÆSAHREINSUN**

ÁRATUGA REYNSLA  
OG SÉRÞEKING  
Á FRÁVEITUMÁLUM

**510 1180 - 669 8441**

**NÝTT**

**Vinnuvélanámskeið**  
**á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is